

Fundargerð 48. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholti, fundarherbergi VR 2 í Háskóla Íslands.

Tími: 12. október 2018 kl. 8:30

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Forföll: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Baldur Dýrfjörð (BD), Þorsteinn Narfason (ÞN).

Dagskrá:

- Fundargerð 47. stjórnarfundar
- Verkefni vetursins.
- Önnur mál

1. Fundargerð 47. stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt með breytingum.

2. Verkefni vetursins

Hönnun vatnavirkja. Í haust tilkynnti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Veðurstofa Íslands hefur skrifað bréf til umhverfisráðherra um að skipa þverfræðilegt loftslagssetur sem hýsir þekkingu sem er til staðar. Rætt var um mikilvægi þess að koma rannsóknum á aftakarigningu í formlegan jarðveg. Stjórn VAFRÍ ætlar að fylgja eftir fundi frá sl.desember með Stefáni Einarssyni hjá umhverfisráðuneytinu og spyrja hvort hægt væri að samtvinna hugmyndina um stofnun nefndar um aftakaflóð og hönnunarforsendur í þéttbýli, við aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Hádegisfundur í Háskóla Íslands um miðjan nóvember. Viðfangsefnið er að kynna hvernig membrur geta nýst í vatns- og fráveitum. Bing Wu, nýr dósent í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands, kynnir tæknina og mögulegir notendur hennar ræða sína sýn.

Samvinna við erlend fagfélög. Lið vísað til næsta fundar.

3. Önnur mál

Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á regluverki um neysluvatn. Í samskiptum á milli funda var ákveðið að tilnefna Arndísi Ósk Ólafsdóttur, Maríu Jónu Gunnarsdóttur og Reyni Sævarsson fyrri hönd VAFRÍ. Staðfest er að María var valin úr tilnefningum VAFRÍ og Arndís var valin fyrir hönd Samorku.

Samvinna við stjórn í endurvöktu Vatnafræðifélagi Íslands. Í síðasta mánuði var endurvakið Vatnafræðifélagið. Stjórn ræddi um að tala við félagið varðandi sameiginleg málefni eins og t.d. um rannsóknir á regnskúrum og aftakaflóðum í þéttbýli.

Rannsóknaverkefnið um *blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýli* styrkt af Rannís hefur byrjað og doktorsnemandi kominn til landsins sem mun leiða rannsóknirnar. Það stendur til að reisa hátækni veðurstöð í haust sem rekin verður af Veðurstofu Íslands.

Fundi var slitið kl. 9:45.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is